

AUGLÝSING

um gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 64 16. desember 1943, um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, er gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu, hér með ákveðið þannig:

1. Fyrir tilkynningu um skrásetningu hlutafélaga og samvinnufélaga	kr. 22 000
2. Fyrir tilkynningu um skrásetningu firma	— 6 000
3. Fyrir tilkynningu um veitingu prókúruumboðs, breytingu eða afturköllun á prókúruumboði	— 6 000
4. Fyrir tilkynningu um breytingu á hlutafélögum, samvinnufélögum og firmum (breytingu á stjórn, samþykktum, eigendaskipti o. fl.)	— 6 000
5. Fyrir tilkynningu um, að hlutafélag eða firma sé hætt störfum	— 1 100
6. Fyrir uppboðsauglýsingu, þrjár birtingar	— 10 000
7. Fyrir fjármark	— 2 000
8. Fyrir auglýsingu um óskilafénað, fyrir hverja kind eða hross ..	— 1 100
9. Fyrir innköllun, þrjár birtingar	— 10 000
10. Fyrir auglýsingu um skiptafund	— 3 600
11. Fyrir einkaleyfisumsókn	— 3 600
12. Fyrir ógildingarstefnu	— 10 000
13. Fyrir dómsbirtingu	— 10 000
14. Fyrir tilkynningu um iðjuleyfi	— 3 000

Annað efni, sem birt er í blaðinu, en eigi fellur undir neinn framangreindra liða, greiðist með krónum 860 fyrir hvern dálksentimetra.

Myndamót, sem nota þarf við prentun auglýsinga, skal auglýsandi leggja til.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi 1. febrúar 1980. Fellur þá jafnframt úr gildi auglýsing nr. 314 29. ágúst 1978 um gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 3. janúar 1980.

Vilmundur Gylfason.

Jón Thors.